

Greinargerð og umsókn á að senda til:

Fulltrúa félagsráðgjafa
geðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss
við Kleppsveg
104 - Reykjavík.

Upplýsingar eru veittar í síma: 543 4200
Netfang: olofjo@landspitali.is

Umsóknin er síðan afgreidd í samvinnu milli
forstöðufélagsráðgjafa á geðsviði LSH og
inntökuteymis Félagsþjónustunnar í Reykjavík.

Verndað heimili

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
GEÐSVIÐ Í SEPTEMBER 2003

UNNIÐ AF:
FÉLAGSRÁÐGJÖFUM Á GEÐSVIÐI

ÁBYRGÐARMAÐUR:
SVEINBJÖRG J. SVAVARSDÓTTIR,
FORSTÖÐUFÉLAGSRÁÐGJAFI

LJÓSMYND: MBL.IS

HÖNNUN: GAGNASMIÐJA/AV



Forviðtal

Tveir félagsráðgjafar á geðdeild LSH taka forviðtal við umsækjanda. Í viðtalinu er m.a. kannaður áhugi og vilji til búsetu á vernduðu heimili auk þess sem hæfni viðkomandi er metin. Reynt er að velja saman á heimili íbúa sem líklegir eru til að geta búið saman.

Félagsþjónustan í Reykjavík leggur til húsnæði fyrir 11 vernduð heimili. Geðverndarfélag Íslands á 2 heimili og Öryrkjabandalag Íslands á 5 heimili. Alls geta 60 einstaklingar búið á 18 vernduðum heimilum.

Upphaf verndaðra heimila má rekja til samstarfs félagsráðgjafa á geðdeild Landspítalans, Borgarspítalans og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur með stofnun áfangastaðar árið 1972.

Hvað er verndað heimili?

Verndað heimili er heimili þar sem tveir til fimm einstaklingar búa saman með stuðningi frá geðdeild LSH og Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Markmiðið er að styrkja íbúana til að takast á við lífið utan stofnunar, fá starf við hæfi, vera virkir í samskiptum og að draga úr endurinnlögnum.

Áhersla er lögð á þjálfun og stuðning við að annast flesta þætti daglegs lífs eftir aðstæðum hvers og eins. Sumir óska eftir að búa saman og fá stuðning við heimilishaldið, að minnsta kosti um tíma, oft í framhaldi af sjúkrahúsdvöl og erfiðum veikindum.

Dvalartími á vernduðu heimili er ótímabundinn. Fólk getur dvalið þar til lengri eða skemmri tíma. Lögð er áhersla á að allir sem búa á vernduðum heimilum eigi umsókn um búsetu annars staðar.

Hvaða stuðningur er veittur?

Faglegur stuðningur við vernduð heimili kemur frá félagsráðgjöfum geðdeilda LSH og Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar.

Ætlast er til að íbúar taki sjálfir sem mestan þátt í heimilishaldinu. Stuðningur félagslegrar heimaþjónustu miðast við þarfir íbúa heimilisins hverju sinni. Veittur er félagslegur stuðningur, leiðbeiningar við heimilishald og heimilisaðstoð. Inni á heimilunum er einnig hugað að samskiptum, samkennd, jafnræði og sjálfstæði.

Húsfundir eru haldnir reglulega og þá hittast allir íbúarnir, félagsleg heimaþjónusta og félagsráðgjafi heimilisins. Tilgangur fundanna er m.a. að ræða samskiptin á heimilinu, verkaskiptingu og önnur mál sem upp kunna að koma. Auk húsfunda er talið æskilegt að allir íbúar hittist daglega og borði saman.

Hver greiðir kostnaðinn?

Íbúarnir greiða sjálfir húsaleigu, mat og annan kostnað við heimilishaldið. Félagsþjónustan greiðir laun félagslegrar heimaþjónustu.

Hvernig er sótt um

dvöl á vernduðu heimili?

Ef sótt um dvöl á vernduðu heimili á vegum Félagsþjónustunnar í Reykjavík þarf umsækjandi að hafa átt lögheimili þar, að minnsta kosti í 3 ár. Ef sótt er um dvöl á vernduðu heimili í eigu Geðverndarfélagsins eða Öryrkjabandalagsins er fólk hvaðanæva af landinu jafnrétt hátt - búseta í Reykjavík gefur engan forgang.

Sótt er um á eyðublöðum sem fást hjá fulltrúa félagsráðgjafa á geðdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss við Kleppsveg. Greinargerð frá meðferðaraðila þarf að fylgja umsókninni.

Atriði sem þurfa að koma fram í greinargerðinni:

- Nafn, kennitala, lögheimili og núverandi dvalarstaður.

Stutt yfirlit yfir:

- Tengsl við fjölskyldu.
- Félags-, atvinnu- og búsetusögu.
- Sjúkrasögu.
- Samskiptahæfni umsækjanda, t.d. við aðra sjúklinga og starfsfólk.
- Sterkar og veikar hliðar umsækjanda.
- Áhugamál.
- Æskilegt er að mat frá iðjuþjálfun, starfsþjálfun eða áfangadeild fylgi.